

1/3 '76.

STARFSSKÝRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRAKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRIÐ 1975

## STARFSSKÝRSLA

Frá áramótum og fram í maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík. Í Skorradal fór ég öðru hvoru til eftirlits, en flutti í Hvamm í maí og var þar til loka nóvember.

### 1. Veðurfar.

Veturinn var venju fremur stormasamur en ekki mjög frostharður. Fram eftir janúar var nokkuð mikill snjór í skóginum. Febrúar var votviðrasamari og tvisvar komu mikil stórveður. Í öðru stórveðrinu fauk fjárhúshlaða á Stóru-  
drageyri.

Vorið kom seint og var svalt. Apríl var kaldur og maí var bæði kaldur og þurr. Í byrjun júní gerði mikið naturfrost og júní var með eindæmum kaldur.

Allir mánuðir sumarsins voru kaldari en í meðal ári. Framan af sumri var þurrt en ágústmánuður var bæði úrkomusamur og svalur.

Síðustu fannirnar norðan í Dragafellinu hlánuðu ekki fyr en í byrjun ágúst. Áð morgni 21. ágúst var allt hvítt af hrími.

Þann 12. september gerði C 5<sup>o</sup> naturfrost. September var með köldustu septembermánuðum en jafnframt með þeim sólríkustu. Það má segja að sumaraukinn kæmi seint því október var venju fremur hlýr. Lítið var um snjókomur fyrir en undir mánaðarmót nóv-ðes.

## 2. Voxtur og þrif trjágróurs.

Óvenju miklar skemmdir af veorun voru sjáanlegar á barrtrjám eftir veturinn. Þetta var þó misjafnt eftir staðháttum. Sérstaklega sá mikið á barrplöntum utantil í Hvamshlíðinni. Þar komu fram mjög glógg skil. Innan við skilin sá lítið á plöntunum en utan þeirra var barr mjög rautt á rauðgreni, stafafuru og sitkagreni.

Lerkið var orðið laufgað 26. maí og birkio laufgaðist á bilinu frá 26. maí til 1. júní.

22. sept. var birkiskógurinn orðinn gulur yfir að líta en fór ekki að fella laufið fyrir en í annari viku okt. og þá var lerkið orðið gult.

Árssprotar á barrtrjám voru að jafnaði styttri en á fyrra ári en þó ef til vill betri en búast mátti við þegar haft er í huga hve sumarið var svalt.

Blaðlús og skógarmaðkur voru með meira móti áberandi á birkinu, sérstaklega norðanmeginn í dalnum.

3. Starfsfólk.

Á launaskrá komu 16 en 9 voru að jafnaði starfandi yfir sumarið.

Mánaðarlegar launagreiðslur voru, sem hér segir:

|         |     |                 |
|---------|-----|-----------------|
| Mai     | kr. | 328.557.-       |
| Júní    | -   | 619.953.-       |
| Júlí    | -   | 537.756.-       |
| Agúst   | -   | 492.631.-       |
| Sept.   | -   | 229.030.-       |
| Okt.    | -   | 125.738.-       |
| Nóv.    | -   | 125.424.-       |
| Des.    | -   | <u>18.893.-</u> |
| Samtals | -   | 2.477.982.-     |

Verkefnasundurliðun vinnulauna:

|     |                             |     |                |
|-----|-----------------------------|-----|----------------|
| 101 | Ráðskona                    | kr. | 278.103.-      |
| 102 | Grisjun                     | -   | 178.416.-      |
| 103 | Gróðursetning               | -   | 800.295.-      |
| 104 | Hirðing                     | -   | 446.249.-      |
| 105 | Hnausplöntur/ jólatré       | -   | 348.889.-      |
| 109 | Viðhald girðinga            | -   | 143.965.-      |
| 112 | Smolun                      | -   | 115.972.-      |
| 301 | Tilraunareitir              | -   | 157.312.-      |
| 561 | Viðhald dráttarvélar        | -   | 5.041.-        |
| 507 | Viðhald starfsmannabústæðar |     | <u>3.740.-</u> |
|     | Samtals                     | kr. | 2.477.982.-    |

#### 4. Girðingar.

Ekkert var unnið við uppsetningu nýrra girðinga, en viðhald girðinga var með svipuðu móti og á undanförunum árum. Vegagerð ríkisins setti ristarhlíð á Stórudrageyri vestur við Dragaá..

Settar voru upp prílur á tveim stöðum í Hvammsgirðingu.

#### 5. Gróðursetningar.

í

Mestur hluti gróðursetningaplantna var móbandi og unnið var að gróðursetningu allt fram til ágúst loka. Fróólegt verður að sjá hvort mismunur verði á árangri gróðursetninga frá vori til hausts.

Gróðursettar voru samtals 74.000 plöntur..

Gróðursetningar skiptast eftir tegundum, sem hér segir:

|              |           |
|--------------|-----------|
| Sitkagreni   | 8.600     |
| Rauðgreni    | 11.260    |
| Bláugreni    | 12.000    |
| Stafafura    | 32.870    |
| Fjallapínur  | 2.725     |
| Siberíulerki | 3.825     |
| Birki        | 2.650     |
| Svartgreni   | <u>70</u> |
| Samtals      | 74.000    |

Gróðursetningar skiptast eftir giroingum, sem hér segir:

|               |              |
|---------------|--------------|
| Stólpastaðir  | 18.165       |
| Selsskógur    | 18.455       |
| Stóradrageyri | 20.665       |
| Hvammur       | 19.425       |
| Bakkakot      | <u>3.190</u> |
| Samtals       | 74.000       |

Tafla yfir gróðursetningar:

Hvammur:

| Tegund    | Kvæmi     | Aldur | Tala   | Reitur  | Plantað dag. |
|-----------|-----------|-------|--------|---------|--------------|
| Stafafura | Skagway   | 2/2   | 2.800  | 911     | 20-24/6.     |
| Stafafura | Skagway   | 3/2   | 1.550  | 10.11.1 | 24-26/6.     |
| Rauðgr.   | Vang Löt. | 3/2   | 800    | 621     | 25-26/6.     |
| Stafafura | Skagway   | 3/2   | 775    | 524     | 26/6.        |
| Sitkagr.  | Homer     | 3/2   | 2.800  | 524     | 26/6.        |
| Stafafura | Skagway   | 3/2   | 200    | 141     | 27/6.        |
| Stafafura | Skagway   | 3/2   | 10.200 | 441     | 30/6 - 4/7.  |
| Birki     | Hall.     | 1/1   | 300    | 222     | 22/7.        |

Selsskógur:

|              |               |     |       |        |            |
|--------------|---------------|-----|-------|--------|------------|
| Rauðgreni    | Trysil        | 2/3 | 3.315 | 631    | 7 - 8/7/   |
| Rauðgreni    | Vang Löt      | 3/2 | 2.845 | 632    | 8 - 15/7.  |
| Sitkagreni   | Homer         | 3/2 | 1.425 | 632    | 8 - 15/7.  |
| Blágreni     | Highw. Summit | 2/1 | 2.600 | 633    | 8 - 15/7.  |
| Fjallapín.   | Skagway       | 2/1 | 1.225 | 633    | 8/7.       |
| Rauðgreni    | Vang Löt      | 3/2 | 4.300 | 831    | 15 - 29/7. |
| Blágreni     | Highw. Summit | 2/1 | 2.600 | 621    | 17 - 23/7. |
| Stafafura    | Skagway       | 2/1 | 120   | 10.3.1 | 31/8.      |
| Siberíulerki | Altai         | 2/1 | 25    | 10.3.1 | 31/8.      |

Bakkakot:

|            |            |     |       |     |           |
|------------|------------|-----|-------|-----|-----------|
| Stafafura  | Kananaskis |     | 700   | 161 | 23/6.     |
| Stafafura  | Skagway    | 2/2 | 500   | 591 | 10/8.     |
| Sib. lerki | Altai      | 2/1 | 650   | 591 | 10/8.     |
| Stafafura  | Ymis k.    |     | 1.340 | 361 | 6 - 10/6. |

## Stálpastaðir:

| Tegund       | Kvæmi         | Aldur | Tala  | Reitur | Plantað dag |
|--------------|---------------|-------|-------|--------|-------------|
| Stafafura    | Skagway       | 2/1   | 2.000 | 1.10.1 | 4 - 10/6.   |
| Stafafaur    | Skagway       | 2/1   | 920   | 191    | 10 - 11/6.  |
| Blágreini    | Highw. Summit | 2/1   | 1.800 | 362    | 23/8.       |
| Fjallabinnur | Skagway       | 2/1   | 1.500 | 362    | 23/8.       |
| Blágreini    | Highw. Summit | 2/1   | 5.000 | 361    | 5 - 11/8.   |
| Svartgreini  | R. M. H.      |       | 70    | 164    | 21/10.      |
| Stafafura    | Skagway       |       | 150   | 163    | 21/10.      |
| Sitkagreini  | Yms stíkl.    |       | 570   | 261    | 20 - 22/8.  |
| Sitkagreini  | Yms. stíkl.   |       | 255   | 161    | 20/8.       |

## Stóradrageyri:

|             |         |     |        |     |            |
|-------------|---------|-----|--------|-----|------------|
| Stafafura   | Skagway | 2/1 | 300    | 241 | 3/6.       |
| Sitkagreini | Homer   | 3/2 | 550    | 241 | 3/6.       |
| Sib. ierki  | Altai   | 2/1 | 150    | 241 | 3/6.       |
| Birki       | Hall.   | 2/0 | 1.850  | 256 | 11 - 20/6. |
| Birki       | Hall.   | 1/1 | 500    | 256 | 11 - 20/6. |
| Stafafura   | Skagway | 2/1 | 200    | 256 | 11/6.      |
| Sitkagreini | Homer   | 3/2 | 3.000  | 256 | 11 - 20/6. |
| Sib. ierki  | Altai   | 2/1 | 3.000  | 256 | 14 - 18/6. |
| Stafafura   | Skagway | 2/1 | 11.115 | 256 | 14 - 28/8. |

Auk þessa voru teknar nokkuð stórar hnausplöntur af ierki úr R 144 og gróðursettar í R 191 á Stálpastöðum.

6. Hirðing.

Unnið var við grisjun frá barrplöntum bæði í ákveðisvinnu og tímavinnu. Grisjað var á Stálpastöðum um 10.5 ha, í Hvammi 8.5 ha og í Selsskógi 2.2 ha.

Keyptir voru 50 þokar af tilbúnum áburði. Þar af voru 30 þokar af blönduðum NPK 23.14.9 og 20 þokar af kalkammon. Áburðurinn kom mjög seint á sumrinu vegna verkfalls og var þess vegna aldrei öllum dreift og býður nokkur hluti hans til næsta árs. Dreift var tilbúnum áburði á rúmlega 1 ha í Hvammi og tæpa 3 ha á Stálpastöðum.

### 7. Vegagerð.

Ekkert teljandi var unnið að vegagerð. Vegagerð ríkisins gerði um 150 m langan upphleyptan veg við ristarhliðið, sem sett var upp á girðinguna á Stóruðrageyri.

### 8. Byggingar.

Litlu var kostað til um viðhald bygginga á árinu. Gamla húsið í Hvammi er þao illa komið að vart verður framur um viðhald á því að meða. Keypt var rafknúin vatnsdæla til úrlausnar um stundarsakir með neysluvatn í Hvammi.

Á Stóruðrageyri fauk gömul fjárhúshlaða, en samið var við nágranna að hirða efnið og það, sem eftir stóð.

### 9. Vélar og verkfæri.

Litlu var tilkostað með vélar og verkfæri nema að heykvísl var keypt á dráttarvélina til notkunar við að flytja jólatré og greinar úr skóginum. Heykvíslin er einnig þarft áhald við flutning á hnausplöntum og móbandsplöntum og girðingarefni á vagleysum.

### 10. Ýmislegt.

Konur úr Rotary-klúbb í Reykjavík komu 3. júní og gróoursettu í sjálfboðavinnu 1000 plöntur á Stóruðrageyri.

Lyonsklúbburinn í Borgarfirði óskaði eftir því að fá að leggja fram sjálfboðavinnu við skógrækt í Skorradal. Helst á einhverju takmörkuðu svæði þar sem þeir gætu komið saman og starfað og stundað náttúruskoðun. Í samráði við skógræktarstjóra var valinn reitur í Selsskógi, ofantil, um einn ha, fyrir vestan sitkagrenitilraunina. Þarna komu saman nokkrir klúbbfélagar 31. ágúst og gróðursettu 150 plöntur.

Á síðastliðnu vori var séð nokkrum kílóum af birkifrei í gróðurjaðra á Stóruarageyri og Alaskalúpinu í gróðurlausum mela.

Meira var um ferðafólk í Skorradal á síðastliðnu sumri heldur en á fyrra ári. Nokkrir stórir hópar komu í Stálpa- staði og margt merkra manna en ekki varður þeirra allra getið hér.

19. júní kom forsætisráðherra ásamt 500 manns úr Landsmálafélaginu Verði. Hópurinn snæddi nesti sitt í skóginn og fór í stutta göngu um skóginn.

23. ágúst kom landbúnaðarráðherra ásamt hópi fundar- manna af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands.

Seldar voru á árinu 807 hnausplöntur fyrir kr. 1.322.700.-

Í desember voru seld alls 2220 jólatré og 1080 kg furu- greinar fyrir samtals kr. 3.131.950.-

Reykjavík í febrúar 1976

*Hjóst Hauason*